

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

SKILYRT

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Isavia ohf.
kt. 550210-0370

Starfsstöð: Hornafjarðarflugvöllur, 781 Höfn
Fastanúmer: 218-0044

Leyfið gildir frá 21. maí 2019 til 21. ágúst 2019

Um er að ræða starfsleyfi fyrir flugvöll með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirki, þ.e. flugstöð, viðgerðaaðstöðu, olíumannvirki o.þ.h.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. Leyfið er skilyrt til 3ja mánaða, á leyfistímanum ber að uppfylla kröfur í lokakafla leyfisins eða afla undanþágu ella.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfið ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Helga Hreinsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Isavia ohf., kt. 550210-0370

Starfsstöð: Hornafjarðarflugvöllur, 781 Höfn í Hornafirði

Fastanúmer: 218-0044

Skilyrt starfsleyfi gildir frá 21. maí 2019 til 21. ágúst 2019

Um er að ræða skilyrt starfsleyfi fyrir flugvöll með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirki, þ.e. flugstöð, viðgerðaaðstöðu, olíumannvirki o.þ.h.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

1.1. Flugstöð

Í flugstöðinni eru biðsalir og innritunaraðstaða farþega, snyrtingar og ræstiaðstaða.

- Um starfsemina gildir m.a. *reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.br.*

1.1.1. Almenningsalerni

Snyrtingar gesta eru þannig: Fyrir konur tvö salerni, fyrir karla er eitt salerni og þvagskál.

- Um snyrtingar sem almenningur hefur afnot af skal farið eftir starfsleyfisskilyrðum fyrir almenningssalerni, fylgiskjali 1.

1.1.2. Ræstiaðstaða og loftræsing

Ræstiaðstaða er í flugstöðinni. Ekki er útsogsvifta en opnanlegur gluggi.

Hreinlætisáætlun skal liggja fyrir.

1.2. Tækjageymsla og varaafstöð

Í aðstöðunni er eingöngu heimild til geymslu og lítilsháttar viðgerða á vélum og tækjum fyrirtækisins, en ekki utanaðkomandi tækja.

Í gólfi geymslunnar er gryfja án niðurfalls. Dælt er úr dammi í gólfi gryfjunnar í gólfniðurfall við enda gryfjunnar. Fráveituvatn frá gólfniðurföllum er leitt í brunn ásamt regnvatni og þaðan í regnvatnslögn. Engar mengunarvarnir eru á fráveitu frá aðstöðunni.

Varaafsstöð er í aðstöðunni, 150 kVA, 300 l dagtankur er tengdur vélinni en 1.100 l olíugeymir er niðurgrafinn utan við húsið.

Um starfsemina gildir m.a.

- Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.
- Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 2.
- Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur, fylgiskjal 3.

1.3. Olíumannvirki

Eftirfarandi olíumannvirki eru við flugvöllinn við útgáfu starfsleyfisins:

- 1.100 l húsageymir fyrir díselolíu vegna vararafstöðvar er staðsettur neðanjarðar, framan við tækjageymsluna.
- 1.100 l neyslugeymir fyrir litað dísel vegna tækja og véla sem þjóna flugvöllinum er ofangjarðar á flughlaði.
- Sunnan við flughlaðið er 30 þús. lítra olíugeymir með flugvélabensíni í jarðvegspró. Dæluhús og rafmagnsskúr eru í norður horni þróar og dælubúnaður fyrir flugvélar stendur á flughlaði.

Um starfsemina gilda m.a.

- Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 2.

1.4. Mengunarvarnir fráveitu

Skólpi frá flugstöð er veitt inn á rotþró með siturlögn. Um er að ræða þriggja hólfa plastþró sem sett var niður í desember 2009. Stærð þróar er 4.500 l. Siturbeð sem samanstendur af tveim hliðtengdum siturlögnum, 12 m löngum, er aftan við rotþróna.

Flughlað er ekki með niðurföllum og engar mengunarvarnir vegna olíumengunar eru þar við útgáfu starfsleyfisins.

Um starfsemina gilda m.a.

- Reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2017.
- Reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 m.s.br.
- Reglugerð um meðferð seyru nr. 799/2019

2. Innra eftirlit

Krafa er um að á starfsstöðinni sé virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila:

- Hreinlætisáætlun og þrifaskráning
- Skráningar á eftirliti með og kvittanir vegna tæminga á hreinsikerfum fráveitu, rotþró, sandföngum og olíuskiljum.
- Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum.
- Skráningar og rekstrarhandbækur vegna reksturs olíumannvirkja og geyma skv. reglugerð 884/2017.
- Skráningar á mengunarslysum og viðbrögð við þeim
- Kvartanaskráning

3. Almenn ákvæði

3.1. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði fyrirtækisins skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

3.2. Vatnsveita

Neysluvatn er frá vatnsveitu Hafnar.

Um vatnsveitur gilda m.a.:

- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
- Reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti

3.3. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttökustöðvar skv. reglum þar um.

M.a. skal farið eftir:

- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

3.4. Lok starfsemi

Þegar starfsemi er lögð niður skal fjarlægja geyma, gáma og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þ.a. sem minnst ummerki verði eftir. Komi í ljós mengun á svæðinu skal starfsleyfishafi láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf.

4. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Mengunarslys skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

5. Kröfur vegna starfsleyfis / Takmarkanir á starfleyfi / Undanþága

Kröfur:

1. Innan gildistíma þessa starfsleyfis skal setja olúskilju á fráveitulögn frá tækjageymslu. Olúskiljan skal uppfylla ákvæði reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
2. Innan gildistíma þessa starfsleyfis skal hætta notkun 30 þús. l olúgeymis í lekaþró ásamt með dæluhúsi fyrir olíu og lagnir sem liggja frá olúgeymum til afgreiðslustöðva.
3. Í stað olúgeymis skv. lið 2 skal á starfsleyfistímanum taka í notkun 10 þús. l olúgeymi með tvöföldu byrði. Sampykki HAUST skal aflað vegna staðsetningar og mengunarvarna nýs olúgeymis áður en hann er tekinn í notkun.
4. Tímanlega skal fyrirtækið sækja um nýtt starfsleyfi, þannig að unnt sé að gefa út leyfi áður en skilyrta starfsleyfið rennur út.

Undanþága:

Á fundi Heilbrigðisnefndar Austurlands þann 14.5.2019 var samþykkt beiðni fyrirtækisins um undanþágu frá olíuskilju á flughlaði skv. grein 48 í reglugerð 884/2017. Í ákvörðun heilbrigðisnefndar eru eftirfarandi fyrirvarar og skilyrði:

Heilbrigðisnefnd áskilur sér þó rétt til að afturkalla undanþáguna verði breytingar sem hafa í för með sér aukið magn olíu á flughlaðinu, hvort sem er aukin geymsla olíu eða sala. Upplýsingar um magn flugvélaeldsneytis skulu sendar HAUST árlega, enda verði með þær farið sem trúnaðarmál

Undanþágan er háð skilyrðum um að HAUST verði árlega fyrir 1.3. upplýst um magn eldsneytis sem mánaðarlega er afgreitt á flughlaðinu.

21. maí 2019
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi